

384. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 16. nóvember
2017 og hófst hann kl. 08:05.

Fundinn sátu:

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir formaður, Bragi Rúnar Axelsson varaformaður, Martha Kristín Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björk Elíasdóttir aðalmaður, Elísabet Samúelsdóttir aðalmaður og Sif Huld Albertsdóttir varamaður.

Embættismenn:

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Fundinn sátu undir málefnum grunnskóla: Jóna Benediktsdóttir fyrir hönd skólastjórnenda og Sveinbjörn Magnason fyrir hönd foreldra. Fulltrúi foreldra leikskólabarna var Þórarinn Gunnarsson.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

Gerð var grein fyrir þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.

2. Skýrsla Tónlistarskóla Ísafjarðar skólaárið 2016-2017 - 2017110035

Lögð fram skýrsla um starf Tónlistarskóla Ísafjarðar skólaárið 2016-2017.

Fræðslunefnd þakkar fyrir góða skýrslu.

Gestir

Ingunn Ósk Sturludóttir, skólastjóri TÍ var í símasambandi við fundarmenn - 08:10

3. Áætlanir og skýrslur grunnskóla skólaárið 2017-2018 - 2017090074

Lögð fram starfsáætlun Grunnskólans á Ísafirði fyrir skólaárið 2017-2018

Fræðslunefnd þakkar fyrir greinagóða áætlun.

4. Bókun 1 í kjarasamningi FG - 2017040053

Lagður fram tölvupóstur Bjarna Ómars Haraldssonar, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsettur 6. nóvember sl., ásamt lokaskýrsla samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara sem er samantekt á niðurstöðum byggðar á lokaskýrslum sveitarfélaga og umbótaáætlunum grunnskóla vegna úrvinnslu þeirra á bókun 1.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 944. fundi sínum, 13. nóvember sl., og vísaði til

fræðslunefndar.

Lagt fram til kynningar.

5. Innheimtureglur leikskólanna - 2017110028

Kynnt minnisblað frá Guðrúnu Birgisdóttur skóla- og sérkennslufulltrúa, er varðar innheimtureglur leikskóla Ísfjarðarbæjar.

Fræðslunefnd gerir breytingar í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:55

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir

Bragi Rúnar Axelsson

Martha Kristín Pálmadóttir

Gunnhildur Björk Elíasdóttir

Elísabet Samúelsdóttir

Sif Huld Albertsdóttir

Margrét Halldórsdóttir

Guðrún Birgisdóttir